

Rio Tinto á Íslandi hf,  
ISAL  
Straumsvík  
Pósthólf 244, 222 Hafnarfjörður  
T +354-560-7000  
isal@isal.is

Rio Tinto á Íslandi hf. (einnig vísað til „ISAL“, „fyrirtækið“ eða „okkar“) kappkostar að tryggja vernd persónuupplýsinga og að vinnsla þeirra sé í samræmi við gildandi lög og reglur. Þessi persónuverndarstefna á við um persónuupplýsingar tengdar viðskiptavinum, birgjum, verktökum og öðrum hagsmunaraðilum tengdum ISAL (sameiginlega einnig vísað til „þín“).

## 1. Tilgangur og gildissvið

ISAL leggur áherslu á að vernda persónuupplýsingar þínar í samskiptum þínum við fyrirtækið. Þessi persónuverndarstefna á við um persónuupplýsingar sem verða til vegna viðskipta og eða samskipta þinna við fyrirtækið. Í persónuverndarstefnu þessari er að finna upplýsingar hvers vegna ISAL safnar persónuupplýsingum og hvernig þær eru meðhöndlaðar. Persónuverndarstefnan byggir á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

## 2. Hvað eru persónuupplýsingar og vinnsla þeirra?

Persónuupplýsingar eru sérhverjar upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling; þ.e upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings.

Vinnsla persónuupplýsinga vísar til aðgerðar eða röð aðgerða þar sem persónuupplýsingar eru unnar, hvort sem vinnslan er sjálfvirk eða ekki.

## 3. Persónuupplýsingar sem ISAL safnar og vinnur og grundvöllur vinnslu

ISAL safnar og vinnur ýmsar persónuupplýsingar um viðskiptavini, birgja, verktaka og aðra hagsmunaaðila fyrirtækisins.

Mismunandi persónuupplýsingum kann að vera safnað um ólíka aðila og kann söfnun og vinnsla persónuupplýsinga að fara eftir eðli þess samstarfs eða þeirra samskipta sem aðilar eiga í við fyrirtækið.

Persónuupplýsingar sem safnað er frá ofangreindum aðilum geta t.d. verið:

- Nöfn;
- Netföng;
- Símanúmer;
- Heimilisföng;
- Námskeið og réttindi;
- Ljósmyndir;
- Starfsheiti;
- Reikningsupplýsingar.

**Myndavélaeftirlit:** Athafnasvæði ISAL er vaktað með eftirlitsmyndavélum, bæði innan dyra og utan. Þeir aðilar sem koma á athafnasvæði fyrirtækisins kunna því að vera teknir upp á mynd. Vinnsla á þeim upplýsingum sem safnast með myndavélaeftirliti byggir á lögmætum hagsmunum fyrirtækisins, enda fer vinnslan fram í öryggis- og eignavörsluskyni. Um myndavélaeftirlit hjá ISAL gilda reglur nr. 50/2023 um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem safnast við rafræna vöktun.

**Aðgangsstýringar:** Athafnasvæði og öðrum húsakynnum ISAL er aðgangsstýrt með aðgangskortum í öryggis- og eignavörsluskyni. Aðgerðarskráningar kortanna eru vistaðar og kunna t.d upplýsingar úr kerfinu að vera nýttar ef upp kemur grunur um refisverða háttsemi. Einnig kunna upplýsingar úr kerfinu að vera nýttar til að staðreyna tímaskýrslur verktaka sbr. grein 12 í reglum nr. 50/2023 um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun.

**Ábendingar og kvartanir:** Ef þú sendir okkur ábendingu eða kvörtun vegna fyrirtækisins mun verða unnið með þær tengiliðaupplýsingar sem fram koma í erindinu, s.s nafn, heimilisfang, netfang og símanúmer

Rio Tinto á Íslandi hf,  
ISAL  
Straumsvík  
Pósthólf 244, 222 Hafnarfjörður  
T +354-560-7000  
isal@isal.is

ásamt efni kvörtunar eða ábendingar þinnar. Ofangreindar persónuupplýsingar eru geymdar í allt að 6 mánuði frá móttöku erindisins eða þar til innri athugun fyrirtækisins á erindinu er lokið. Upplýsingarnar kunna að vera notaðar til þess að hafa samband við þig og upplýsa þig um niðurstöðu athugunar okkar.

**Styrkumsóknir:** Í tengslum við styrkumsóknir vinnur ISAL með tengiliðaupplýsingar, s.s nafn, kennitölu, netfang og símanúmer sem og aðrar upplýsingar sem fylgja umsókninni. Vinnsla þessi fer fram á grundvelli beiðni þinnar um að gera styrktarsamning við fyrirtækið.

**Viðskiptavinir, birgjar og verktakar:** Komir þú fram fyrir hönd lögaðila, s.s viðskiptavin, birgja eða verktaka, kann að vera að fyrirtækið muni vinna með tengiliðaupplýsingar þínar s.s nafn, símanúmer, starfsheiti og netfang. Einnig kann fyrirtækið að vinna með samskiptasögu og hugsanlega reikningsupplýsingar. Þessi vinnsla er fyrirtækinu nauðsynleg enda gerð til þess að uppfylla skyldur sínar á grundvelli samnings við viðkomandi samstarfsaðila. Að öllu jöfnu aflar ISAL persónuupplýsinga beint frá viðskiptavini eða forsvarsmanni viðskiptavinar. Þó kann að vera að persónuupplýsinga sé aflað frá þriðja aðila. Sé slíkt gert mun fyrirtækið leitast við að upplýsa þig um slíkt.

#### 4. Viðtakendur persónuupplýsinga og miðlun til þriðju aðila

Aðeins þeir starfsmenn ISAL sem þurfa starfa sinna vegna, munu hafa aðgang að persónuupplýsingum þínum. ISAL kann að miðla persónuupplýsingum viðskiptavina, birgja og hagsmunaaðila sinna til þjónustuaðila s.s þeirra sem reka hugbúnaðarkerfin sem notuð eru hjá ISAL. Ofangreindir þjónustuaðilar eru bundnir trúnaði. ISAL kann að miðla persónuupplýsingum til opinberra aðila, stofnana og félagasamtaka s.s skattayfirvalda, lögreglu og Vinnueftirlitsins o.s.frv. ef fyrirtækinu ber lagaskylda til þess. Þá kann fyrirtækið einnig að miðla persónuupplýsingum til þriðju aðila enda kunni það að vera nauðsynlegt til þess að gæta hagsmuna sinna í ágreinings- eða dómsmálum. Í ákveðnum tilvikum kann ISAL að flytja persónuupplýsingar utan Evrópska efnahagssvæðisins, annað hvort innan samstæðu eða til þriðja aðila, en slíkur flutningur fer eingöngu fram samkvæmt gildandi lögum um flutning persónuupplýsinga milli landa.

#### 5. Hvernig er öryggi persónuupplýsinga tryggt?

Hjá ISAL er lögð rík áhersla á að vernda persónuupplýsingar einstaklinga. Fyrirtækið hefur því gripið til tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana til að verja persónuupplýsingar einstaklinga gegn t.d gagnatapi, misnotkun eða óheimilum aðgangi. Reglulega eru gerðar breytingar á öryggisráðstöfunum fyrirtækisins til þess að mæta nýjustu tæknipróun. Til að tryggja gæði persónuupplýsinga hvetjum við þig til þess að tilkynna tengiliði þínum hjá fyrirtækinu um allar breytingar sem kunna að verða á persónuupplýsingum þínum. Einnig getur þú haft samband við tengilið fyrirtækisins vegna persónuverndar ([personuvernd@isal.is](mailto:personuvernd@isal.is)) Persónuupplýsingar viðskiptavina, birgja, verktaka og hagsmunaaðila okkar eru vistuð á miðlægum drifum sem eru aðgangsstýrð.

#### 6. Varðveisla persónuupplýsinga

ISAL leitast við að varðveita persónuupplýsingar einungis eins lengi og þörf krefur miðað við tilgang vinnslunnar nema annað sé heimilt eða skylt lögum samkvæmt. Að meginreglu eru upplýsingar um viðskiptavini og tengiliði viðskiptavina varðveittar í 4 ár frá lokum viðskipta. Vissar upplýsingar kunna að vera varðveittar lengur t.d ef líkur standa til að fyrirtækið þurfi að stofna eða verja réttarkröfur og er í þeim tilvikum miðað við reglur um fyrningarfrést krafna og eins ef líklegt þykir að tekið verði upp viðskiptasamband við viðkomandi aftur. Sé um að ræða bókhaldsupplýsingar eru upplýsingarnar varðveittar í 10 ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Persónuupplýsingar frá hagsmunaraðilum sem berast í gegnum heimasíðu fyrirtækisins og innihalda kvartanir eða hrós eru geymdar þar til athugun fyrirtækisins á erindinu er lokið þó aldrei lengur en 6 mánuði.

Rio Tinto á Íslandi hf,  
ISAL  
Straumsvík  
Pósthólf 244, 222 Hafnarfjörður  
T +354-560-7000  
isal@isal.is

## 7. Réttindi einstaklinga vegna vinnslu persónuupplýsinga hjá ISAL

Þú átt rétt á að fá upplýsingar um og aðgang að þeim persónuupplýsingum er varðar þig og ISAL hefur undir höndum. Þú átt rétt á að afturkalla samþykki þitt fyrir vinnslu persónuupplýsinga sem byggð er á samþykki þínu hvenær sem er. Þú átt einnig rétt á að óska eftir að láta leiðréttta, eyða eða takmarka vinnslu slíkra persónuupplýsinga eða andmæla slíkri vinnslu.

Í ákveðnum tilvikum getur þú einnig átt rétt á flutningi persónuupplýsinga sem þú hefur látið ISAL í té til annars ábyrgðaraðila. Framangreind réttindi eru þó ekki fortakslaus og kunna að vera sett takmörk í gildandi lögum og reglum.

## 8. Fyrirspurnir einstaklinga og kvörtun til Persónuverndar

Ef þú vilt fá nánari upplýsingar vegna þessarar persónuverndarstefnu, hefur áhyggjur af vinnslu eða varðveislu fyrirtækisins á persónuupplýsingum þínum eða vilt nýta réttindi þín samkvæmt 7. tölulið stefnunnar skal hafa samband við tengilið fyrirtækisins vegna persónuverndar ([personuvernd@isal.is](mailto:personuvernd@isal.is)) sem mun leitast við að svara fyrirspurnum og leiðbeina þér.

Ef þú ert ósátt/ur við vinnslu fyrirtækisins á persónuupplýsingum þínum getur þú sent erindi til Persónuverndar ([personuvernd.is](http://personuvernd.is))

## 9. Samskiptaupplýsingar

Rio Tinto á Íslandi hf.,  
ISAL  
Straumsvík 222 Hafnarfjörður  
Sími: +354-5607000

## 10. Breytingar

ISAL áskilur sér rétt til þess að breyta persónuverndarstefnu þessari sem þurfa þykir. Verði gerðar efnislegar breytingar á persónuverndarstefnu þessari verður uppfærð útgáfa stefnunnar kynnt á vef fyrirtækisins.

Persónuverndarstefna þessi var sett 17.1.2019